

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. maí 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 718, 11. október 2000, um síldveiðar með vörpu.

1. gr.

Í stað: „1. maí“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi: 31. maí.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. maí 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun aflahlutdeildar og aflamarks í norsk-íslenskri síld.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til úthlutunar aflahlutdeildar á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum, hvort sem er innan eða utan íslenskrar lögsögu.

Á árinu 2002 er íslenskum skipum heimilt að veiða 132.080 lestir af síld og skal Fiskistofa skipta því heildarmagni milli þeirra á grundvelli aflahlutdeildar, sbr. 2. gr.

2. gr.

Hverju íslensku fiskiskipi skal úthlutað aflahlutdeild í síld og skal hún reiknuð í hlutfalli við aflareynslu þeirra við veiðar á norsk-íslenskri síld á almanaksárunum 1994-2001, að báðum árum meðtöldum. Við útreikning á aflahlutdeild hvers fiskiskips skal leggja til grundvallar upplýsingar úr aflaupplýsingakerfinu Lóðs. Hafi skip komið í stað skips sem áunnið hefur sér aflareynslu, sbr. b-lið 2. gr. laga nr. 38, 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum skal það skip er í staðinn kemur njóta þeirrar aflareynslu. Hafi skip sem aflareynsla er bundin við horfið úr rekstri þegar úthlutun á sér stað, er síð-

asta eiganda skipsins áður en það hvarf úr rekstri heimilt að ákveða á hvaða skip sú aflahlutdeild skuli skráð.

Fiskistofa skal við útgáfu reglugerðar þessarar úthluta 80% af leyfilegum heildarafla, sbr. 2. mgr. 1. gr. Jafnframt skulu útgerðum skipanna kynntar forsendur úthlutunarinnar og skulu þær hafa frest til 15. maí 2002 til að koma athugasemdum sínum á framfæri við Fiskistofu. Fiskistofa skal hafa lokið endanlegri úthlutun aflahlutdeilda og aflamarks eigi síðar en 24. maí 2002.

3. gr.

Um veiðar á síld gilda að öðru leyti ákvæði reglugerða um veiðar íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum og um veiðieftirlit á samningsvæði NEAFC.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. maí 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

29. apríl 2002

Nr. 349

AUGLÝSING

um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1267 (1999) um aðgerðir gegn liðsmönnum stjórnar talibana í Afganistan og nr. 1333 (2000) um aðgerðir gegn talibönum í Afganistan og hryðjuverka-sveitum sem hafa aðsetur í Afganistan, sbr. og ályktanir öryggisráðsins nr. 1388 (2002) og 1390 (2002) um ástandið í Afganistan.

Með vísan til 3. gr. laga nr. 5/1969 um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1267 (1999) frá 15. október 1999 um aðgerðir gegn liðsmönnum stjórnar talibana í Afganistan og nr. 1333 (2000) frá 19. desember 2000 um aðgerðir gegn talibönum í Afganistan og hryðjuverkasveitum sem hafa aðsetur í Afganistan og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1. Íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum sem og erlendum ríkisborgurum og lögaðilum, sem dvelja á Íslandi eða hafa þar starfsemi, er óheimil með beinum eða óbeinum hætti hvers kyns sala á vopnum, vopnabúnaði og íðefninu ediksýruanhýdríði til aðila sem dvelja eða starfa á þeim landsvæðum í Afganistan sem lúta stjórn talibana. Hið sama gildir um hvers konar milligöngu þar um eða að stuðla að því með öðrum hætti að vopn og vopnabúnaður berist í hendur þessara aðila sem og um vörur sem nota má til viðhalds og framleiðslu á vopnum og vopnabúnaði.

2. Íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum sem og erlendum ríkisborgurum og lögaðilum, sem dvelja á Íslandi eða hafa þar starfsemi, er óheimilt með beinum eða óbeinum hætti að